

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum á lóðum Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut og í Fossvogi.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 12. janúar 2006, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði á svæði við Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut sem afmarkast á þrjá vegu af aðalbyggingu, kvennadeild og Barónsstíg verði gjaldskyld.

Almenn bílastæði á austasta hluta svæðis milli Háaleitisbrautar og Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar á svæðunum sem skilgreinast sem gjaldsvæði 4 með tímagjaldinu 80 krónur. Gjaldskylda verður mánudaga – föstudaga klukkan 8-16.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 16. mars 2006.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,

e.u. **Helga Jónsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2006